

G7-löndin og BRICS-löndin: Hver er staðan? Fyrri hluti

Frá árinu 2013, þegar landsframleiðsla Kína fór fram úr landsframleiðslu Bandaríkjanna, hefur kínverska hagkerfið verið stærst í heimi á þennan kvarða. Við bætist að frá árinu 1960 hefur Kína aukið 45 árum við meðalævi íbúanna, sem er ótrúlegur árangur, borið saman við 6½ ár sem bættust við meðalævi Bandaríkjamanna á sama tíma. Meðalævi Kínverja var komin upp í 78 ár 2022 borið saman við 76 ár í Bandaríkjunum.


Til að mála strigann með breiðari pensli skulum við spyrja: Hvernig er staðan á heildina litið í G7- hópnum undir forystu Bandaríkjanna borið saman við BRICS-löndin undir forystu Kína í efnahagslegu og öðru tilliti?

Tekjur og vöxtur

Með alls 3,2 milljarða íbúa – og trúlega bráðum fleiri – eru BRICS-löndin (Brasilía, Kína, Indland, Rússland og Suður-Afríka) fjórum sinnum mannfleiri en G7-löndin (Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan, Kanada og Þýzkaland). Kaupmáttur þjóðartekna í BRICS-ríkjunum er þó aðeins örlitlu meiri en í G7-hópnum, eða 42,4 billjónir alþjóðlegra Bandaríkjadala á núverandi verðlagi borið saman við 42,1 billjón; munurinn nemur innan við 1%. Af þessu leiðir að kaupmáttur þjóðartekna á mann í BRICS-ríkjunum nemur að meðaltali um fjórðungi af meðaltali G7-hópsins. Lægstu þjóðartekjur á mann meðal G7-landanna (Japan) eru meira en þriðjungi hærra en hæsta talan í BRICS-hópnum (Rússland).

Vöxtur landsframleiðslu á mann í alþjóðlegum Bandaríkjadölum á verðlagi ársins 2017 var 1,5% á ári að meðaltali árin 1990-2022 í G7-hópnum borið saman við 4,5% í BRICS-hópnum, þar sem Kína og Indland skera sig úr með óvenjumiklum meðalvexti, 12,3% og 6,4% á ári (mynd 1). Meðalársvöxtur landsframleiðslu á mann í Brasilíu, Rússlandi og Suður-Afríku var 1,3%, nokkru undir meðaltali G7-landanna. Árlegur meðalvöxtur landsframleiðslu á mann á Íslandi 1995-2022 var til samanburðar 2,9%, langt yfir meðaltali G7-landanna.

Mynd 1. Vöxtur kaupmáttar landsframleiðslu á mann 1990-2022 (% á ári)



Heimild: Alþjóðabankinn.

En tekjur skipta ekki öllu máli. Hagtölur um landsframleiðslu og þjóðartekjur eru ýmsum vandkvæðum undirorpnar og því er þörf á víðara sjónarhorni í samanburði ólíkra landa til að taka ýmsa pólitíska og félagslega þætti með í reikninginn. Það dugir ekki að einblína á þjóðhagsreikninga þar eð þeir ná ekki yfir allar tekjur, til dæmis ekki tekjur sem aflað er óbeint utan markaða svo sem innan heimilis og ekki heldur faldar tekjur sem hvergi koma

[Type here]


fram (Zucman 2015 og Jóhannes Hraunfjörð Karlsson og Þórólfur Matthíasson 2016). Við bætist tilhneiging einræðisstjórna til að falsa hagtölur (Þorvaldur Gylfason 2022).

Heilbrigði og menntun

Byrjum á lýðheilsu.


Að undanskildum samanburðinum að framan á Kína og Bandaríkjunum er meðalævin (þ.e. meðalævilíkur við fæðingu) enn lengri í hverju G7-landanna en í BRICS-hópnum (mynd 2). Í G7-hópnum er meðalævin 81 ár (bláar súlur) borið saman við 70 ár í BRICS-löndunum (rauðar súlur). Trúlega mun þetta bil minnka enn frekar á næstu árum með batnandi lýðheilsu í báðum hópnum líkt og í heiminum öllum. Meðalævin var 83 ár á Íslandi 2021.

Mynd 2. Ævilíkur við fæðingu 2022 (ár)



Heimild: Alþjóðabankinn.

Mynd 3. Einkunnir á PISA-prófum 2018



Heimild: OECD.

Í menntamálum gnæfir Kína yfir öll hin löndin sé miðað við árangur 15 ára nemenda í PISA-prófum OECD í lestri, stærðfræði og náttúrufræði (mynd 3). Rússland, sem hlýtur sömu einkunn og Ísland (ekki sýnt), stendur á þennan kvarða að baki af G7-hópnum, að Ítalíu undanskilinni. Indland og Suður-Afríka taka ekki lengur þátt í PISA-prófunum þar sem bæði löndin fengu lága einkunn áður.


[Type here]

Mannfélagsþróunarvísitala Sameinuðu þjóðanna (e. Human Development Index) steypir þessum þáttum saman til að gera grein fyrir heilsu og menntun samhliða tekjum. Þessi þróunarvísitala sýnir mun minna bil milli G7-landanna og BRICS-landanna en þröngur samanburður á tekjum á mann eingöngu. Þróunarvísitalan nær frá 0 upp í 1 og er nú að meðaltali 0,9 í G7-hópnum og 0,7 í BRICS-hópnum. Þetta er miklu minni munur hlutfallslega en fyrr nefndur fjórfaldur munur á kaupmætti þjóðartekna á mann. Íslenska vísitalan er 0,96 og hin þriðja hæsta í hópi 186 landa. Sviss og Noregur skipa efstu tvö sæti listans.

Lýðræði og frelsi


Lýðræðisstofnun Háskólans í Gautaborg birtir árlegar skýrslur um stöðu lýðræðis í heiminum. Staðan er metin eftir fjölmörgum eiginum lýðræðis í 202 löndum allar götur frá 1789 til 2022 til að búa til samsetta vísitölu frá 0 upp í 1. Ekki kemur á óvart að Danmörk, Noregur og Svíþjóð skipa þrjú efstu sæti listans fyrir 2022 þar sem Finnland skipar 10. sæti, Bandaríkin 23. sæti og Ísland 29. sæti, aftur en Eistland, Lettland og Litháen. Stjórn málafræðingarnir í Gautaborg skipta lýðræði í fjóra flokka: Opín lýðræðisríki (e. liberal democracies), lokuð lýðræðisríki (electoral democracies), opín einræðisríki (electoral autocracies) og lokuð einræðisríki (closed autocracies).

Mynd 4. Lýðræðisvísitala 2022



Heimild: Lýðræðisstofnun Gautaborgarháskóla.

Mynd 5. Frelsis- og réttindavísitala 2022



Heimild: Freedom House.

[Type here]

Ekkert BRICS-landanna kemst nálægt G7-löndunum á þennan lýðræðiskvarða (mynd 4). Lýðræðiseinkunn Indlands hefur hrunið úr 0,5 fyrir 2016 í 0,3 fyrir 2022. Rússland og Kína skrapa botninn á listanum. Meðaltal lýðræðisvísitalunnar fyrir G7-löndin er 0,77 borið saman við 0,31 fyrir BRICS-löndin.

Lýðræðiseinkunn Freedom House á kvarðanum frá 0 upp í 100 er 92 fyrir G7-löndin að meðaltali og 49 fyrir BRICS-löndin (mynd 5).

Þetta skiptir máli vegna þess að lýðræði, frelsi og virðing fyrir mannréttindum eru algild og sígild og þá um leið hafin yfir ágreining samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum eins og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948. Við bætast niðurstöður rannsókna sem benda til að lýðræði og hagvöxtur haldist jafnan í hendur (Acemoglu o.fl. 2019 og Þorvaldur Gylfason 2019).


Gegnsæi og jöfnuður

Transparency International birtir árlegar skýrslur um gegnsæi í heiminum. Gegnsæi skiptir máli þar eð það er andhverfa spillingar: Meira gegnsæi vitnar um minni spillingu.

Transparency skilgreinir spillingu sem misnotkun valds í eiginhagsmunaskyni.

Gegnsæisvísitalan nær frá 0 (stæk spilling) upp í 100 (engin spilling). Meðalvísitala G7-landanna 2022 var 71 á móti 39 í BRICS-löndunum. Enn sjáum við að sérhvert G7-land skorar hærra – þ.e. telst vera minna spilt – en öll BRICS-löndin (mynd 6). Aðrar heimildir, til dæmis Gallup, vitna um hliðstæða niðurstöðu. Samkvæmt skýrslu Gallups (2013) sagðist meiri hluti aðspurðra í 108 af 129 löndum sem könnuð voru 2012 telja spillingu vera útbreidda í valdstjórn þeirra. Nánar tiltekið sögðust 61% svarenda í G7-löndum telja spillingu vera útbreidda í valdstjórninni heima fyrir borið saman við 76% í BRICS-löndunum (Kína var ekki talið með) og 67% á Íslandi. Gegnsæisvísitalan á mynd 6 var 74 á Íslandi 2022 og 90 í Danmörku (ekki sýnt).

Mynd 6. Gegnsæisvísitala 2022




Heimild: Transparency International.

Skipting eigna og tekna skiptir einnig máli. Einn mælikvarði á eignaskiptingu er hlutdeild ríkasta hundradshluta þjóðarinnar í heildarauðnum, sem haldið er til haga í World Inequality Report (2022). Þar kemur fram að meðalhlutdeild ríkasta hundradshluta íbúa hvers lands í heildarauði nemur 26% að meðaltali í G7-hópnum á móti 43% í BRICS-hópnum; það er mikill munur (mynd 7). Sambærileg tala fyrir Ísland er ekki til. Misskipting auðs og tekna haldast gjarnan í hendur. Gini-vísitalan sem lýsir ójöfnuði í tekjuskiptingu, er 39 í BRICS-hópnum að meðaltali og mun hærri en í G7-hópnum, þar sem meðaltal Gini-stuðlanna er 33,5 – og 26,1 á Íslandi 2017 (ekki sýnt).

[Type here]

Mynd 7. Hlutdeild ríkasta 1% í heildarauði (%)



Heimild: World Inequality Report 2022.


Lög og réttur

World Justice Project tekur saman réttarfarsvísitölu frá 0 upp í 1 og styðst þar við 44 vísbendingar í átta flokkum: Valdmörk og mótvægi við ríkisvald, gegnsæi í andstöðumerkingu við spillingu, opin stjórnsýsla, virðing fyrir mannréttindum, röð og regla í réttarfari, framfylgd laga og reglna, réttindi borgaranna og réttlæti refsidóma.

Réttarfarsvísitalan nær nú yfir 140 lönd, en þó ekki Kína og Rússland. Mynd 8 sýnir réttarfarseinkunnir G7-landanna og BRICS-landanna. Meðaleinkunn G7-hópsins er 0,76 borið saman við 0,5 fyrir þau þrjú BRICS-lönd sem vísitalan nær yfir. Íslandi hefur ekki enn verið bætt í úrtakið.

Í stuttu máli sýna stjórn mála- og félagsvísarnir á myndum 4-8 að samanburður á tekjum einn og sér nægir ekki til að draga upp breiða mynd af ólíkum löndum hlið við hlið. Meira þarf til. Við höfum séð að G7-ríkin veita fólki sínu ekki aðeins hærra tekjur á mann heldur einnig lengri ævir, betri menntun, meira lýðræði og frelsi, minni spillingu, meira jafnræði og öflugra réttarríki.

Mynd 8. Réttarfarsvísitala 2022



Heimild: World Justice Project

G7-löndin og BRICS-löndin: Hver er staðan? Síðari hluti


Við höldum áfram samanburði G7-landanna sjö og BRICS-landanna fimm.

Útflutningur

Tökum einn mikilvægan þátt efnahagsmála til sérstakrar skoðunar: Erlend viðskipti.

Þrátt fyrir Kína og Indland, sem bæði eru mikilvirkir iðnvöruframleiðendur, er iðnvöruútflutningur lægra hlutfall af heildarútflutningi í BRICS-ríkjunum að meðaltali (48%) en í G7-ríkjunum (66%), sjá mynd 9. Fjölbreyttur útflutningur vitnar um getu fyrirtækja til að framleiða vörur og þjónustu sem aðrar þjóðir girnast. Rússar hafa ekki enn komið upp á lag með þetta; þess vegna ekur Pútín forseti um á Mercedes Benz og Lavrov utanríkisráðherra notar iPhone. Hvaða rússneskar iðnvörur kaupir þú, lesandi minn góður? Kannski vodka? – sem er að vísu landbúnaðarvara. Iðnvarningur nam 13% af heildarútflutningi Íslands 2022.

Mynd 9. Hlutdeild iðnvarnings í heildarútflutningi
2022 (%)



Heimild: Alþjóðabankinn.


Mynd 10 lýsir fjölbreytni útflutnings eftir vöruflokkum. Finger-Kreinin-vísitalan á myndinni er hlutfallsleg vísitala sem nær frá 0 (óskoruð fjölbreytni) upp í 1 (engin fjölbreytni). Þessi vísitala lýsir samsetningu útflutnings eftir vöruflokkum í ólíkum löndum með því að meta að hve miklu leyti samsetningin í hverju landi er frábrugðin heimsmeðaltali. Myndin sýnir að útflutningur frá G7-löndunum þar sem meðalvísitalan er 0,33 er fjölbreyttari en útflutningur frá BRICS-löndunum með vísitöluna 0,53 – og frá Íslandi með vísitöluna 0,78. Fjölbreytni útflutnings firrir almenning hættunni á ofurveldi sterkra útflytjenda í löndum sem eru háð útflutningi náttúruauðlinda með líku lagi og fjölbreytni á stjórnmalavettvangi firrir almenning hættunni á yfirráðum rótgróinnar yfirstéttar (Per Wijkman og Þorvaldur Gylfason 2017). Hæri súlur á myndinni lýsa minni fjölbreytni útflutnings, þ.e. meiri fábreytni.

Þegar sama vara er seld mörgum ólíkum viðskiptavinum dreifir það áhættu líkt og þegar ólíkar vörur eru seldar einum og sama viðskiptavini. Mynd 11 lýsir fjölbreytni útflutnings eftir vöruflokkum og viðskiptalöndum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn metur hana. Þessi fjölbreytnisvísitala útflutnings, sem nær frá 0 (óskoruð fjölbreytni) upp í 10 (engin fjölbreytni), er hönnuð til að fanga nýjar útflutningsvörur auk nýrra viðskiptalanda. Með meðalvísitöluna 1,87 geta G7-löndin státað af fjölbreyttari útflutningi og fjölbreyttari

[Type here]


viðskiptalöndum en BRICS-hópurinn þar sem meðalvísitalan er 2,63 – og 4,07 á Íslandi. Nýjustu gildin sem til eru vísa til ársins 2014.

Mynd 10. Fjölbreytni útflutnings eftir vöruflokkum 2022



Heimild: Sameinuðu þjóðirnar, UNCTAD.

Mynd 11. Fjölbreytni útflutnings eftir vöruflokkum og viðskiptalöndum 2014




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Loftslagsvernd

Að lokum berum við saman aðgerðir G7-landanna og BRICS-landanna til að draga úr loftslagsbreytingum. Hér er loftslagsvörnum lýst með nýrri loftslagsverndarvísitölu sem samtökin Germanwatch hafa tekið saman. Vísitalan nær frá 0 (slök frammistaða) upp í 100 (góður árangur) og nær yfir 59 lönd auk Evrópusambandsins og er reist á 14 vísbendingum í fjórum flokkum: Losun gróðurhúsalofttegunda (40% af heildareinkunn), endurnýjanleg orka (20%), orkunotkun (20%) og loftslagsstefna (20%). Meðaleinkunn beggja hópa, G7 og BRICS, er hin sama, 45. Indland fær hæstu einkunn af þeim tólf löndum sem sýnd eru á mynd 12. Aðeins Danmörk, Svíþjóð, Síle og Marokkó hljóta hærri einkunn en Indland (ekki sýnt). Kína og Bandaríkin eru um það bil jafnaftarlega á listanum. Ísland er ekki í úrtakinu.

Mynd 12. Loftslagsverndarvísitala 2022



Heimild: Germanwatch 2023.

Að endingu

Á tímum kalda stríðsins, þegar hagtölur um þjóðartekjur gáfu sumum til kynna, ranglega svo sem kom í ljós, að Bandaríkin og Sovétríkin væru í þann veginn að verða nokkurn veginn jafnokar í efnahagslegu tilliti, var hægt að lýsa heiminum sem heimi tveggja turna, sem við getum kallað tvískauta (e. bipolar). Forusturíkin tvö voru þó greinilega ekki jafningjar í pólitísku tilliti því annað er rótgróið lýðræðisríki og hitt var einræðisríki.

Með upplausn Sovétríkjanna í árslok 1991, sem batt enda á kalda stríðið, hefur víða verið litið á heiminn sem einskauta (e. unipolar), en það er skoðun sem ríkisstjórnir Kína, Indlands, Rússlands og fleiri landa hafna svo sem skiljanlegt er, því þessi lönd líta á heiminn sem heim margra turna, þ.e. fjölskauta (e. multipolar). Það er þeirra heimsmýnd.

Kína og Indland hafa tekið miklum framförum að ýmsu leyti, ekki sízt með lengingu meðalævinnar við betri kjör en áður, en þau eiga enn langt í land, einkum Kína, sem ólíkt Indlandi hefur aldrei veitt kost á lýðræði. Rússland, þar sem kaupmáttur þjóðartekna á mann var 40% undir meðaltali G7-landanna 2022, á enn lengra í land. Rússar standa að baki Kínverjum og Indverjum í gegnsæi og jöfnuði svo sem fram kemur á myndum 6 og 7 í fyrri hluta þessa texta og einnig í iðnvöruútflutningi (mynd 9), fjölbreytni í útflutningi (myndir 10-11) og loftslagsvernd (mynd 12).

Líklegt virðist að G7-löndin og BRICS-löndin muni á næstu árum kosta kapps um að vinna hug og hjörtu annarra þjóða um allan heim. G7-hópurinn er samheldnari en BRICS-löndin. Meðalfjarlægð milli höfuðborga G7-landanna 5.504 km borið saman við 9.291 km fyrir BRICS-löndin (heimild: Google Maps). Meira er þó um vert að G7-löndin eiga nán samskipti sín á milli öfugt við BRICS-löndin, þar sem Kína og Indland eru gamlir andstæðingar með óuppgerðar landamæradeilur sem blossa upp annað veifið. Við bætist að kínversk yfirvöld með hugann við langa sögu Rússlands af þrálátri útpenslu til austurs, suðurs og vesturs hafa séð ástæðu til að minna Rússa á að Vladivostok var kínversk borg svo nýlega sem 1860, sem er eins og í fyrra eða hittitðfyrra samkvæmt kínversku tímatali.

G7-löndin eiga ekki við nein sambærileg vandamál að stríða. Ríkisstjórnir þeirra langar til að geta sannfært ríkisstjórnir BRICS-landanna um kosti lýðræðis og frelsis. Svo það sé hægt er brýnt að G7-löndin víki ekki frá staðfastri skuldbindingu sinni um lýðræði, frelsi og virðingu fyrir mannréttindum.

[Type here]

Heimildir

- Acemoglu, D., S. Naidu, P. Restrepo og J. A. Robinson (2019), „Democracy Does Growth,“ *Journal of Political Economy* 127(1): 47-101.
- Loftslagsverndarvísitala (2023), <https://ccpi.org/ranking/>
- Gallup (2013), *Global States of Mind*.
- Institute for Democracy (2022), Gautaborgarháskóli. <https://v-dem.net/>
- Jóhannes Hraunfjörð Karlsson og Þórólfur Matthíasson (2016), „Hvað eru skattaskjól og hvenær urðu þau til?“, *Vísindavefurinn*, 24. Apríl.
- Wijkman, P. M. og Þorvaldur Gylfason (2017), „Double diversification,“ *VoxEU*, 6. febrúar.
- World Inequality Report (2022). <https://wir2022.wid.world/>
- World Justice Project (2022). <https://worldjusticeproject.org/>
- Zucman, G. (2015), *The Hidden Wealth of Nations: The Scourge of Tax Havens*, University of Chicago Press.
- Þorvaldur Gylfason (2019), “From Equality, Democracy, and Public Health to Economic Prosperity”, *ifo DICE Report* 17(2), 28-33.
- Þorvaldur Gylfason (2022), „Falsaðar hagtölur“, *Vísbinding* 26. Nóvember.